

Skólanámskrá Leikskólinn Vallarsel 2022-2023

Skólanámskrá Vallarsels

Skólanámskrá Vallarsels	2
Formáli	5
Leikskólaperlan	6
Leikskólinn Vallarsel	7
Hugmyndafræði Vallarsels	7
Megináherslur Vallarsels	8
Tónlist	8
Frjáls leikur	9
Val	10
Einingakubbar-Unit blocks	10
Holukubbar - Hollow Blocks	10
Listasmiðja	10
Könnunarleikur - Heuristic play with objects	10
Málörvun-Lubbi finnur málbein	11
Vináttuverkefni Barnaheilla-Blær	11
Daglegt líf	11
Markmið okkar í Vallarseli:	12
Fataherbergi	12
Útivera	12
Borðhald	12
Hreinlætisvenjur	12
Hvíld	12
Að koma og fara	12
Dagskipulag	12
Aðalnámskrá leikskóla	13
Grunnþættir menntunar	13
Læsi	13

Læsi og samskipti í Vallarseli	14
Markmið okkar í Vallarseli.....	14
Leiðir	14
Sjálfbærni	14
Sjálfbærni í Vallarseli.....	15
Markmið okkar í Vallarseli.....	15
Leiðir	16
Lýðræði og mannréttindi	16
Lýðræði og mannréttindi í Vallarseli.....	17
Heilbrigði og velferð	17
Heilbrigði og vellíðan í Vallarseli	18
Markmið okkar í Vallarseli.....	18
Leiðir	18
Jafnrétti.....	18
Jafnrétti í Vallarseli	19
Markmið okkar í Vallarseli.....	20
Sköpun	20
Skapandi starf í Vallarseli.....	21
Markmið okkar í Vallarseli.....	21
Leiðir	22
Máltaka tvítyngdra barna.....	22
Leiðir til eflingar málþroska tvítyngdra barna:.....	22
Annað sem tengist fjölmenningu í Vallarseli	23
Móttökuáætlun fyrir tvítyngd börn.....	24
Fyrsta viðtal.....	24
Sérkennsla.....	24
Markmið okkar í Vallarseli.....	24
Skóli án aðgreiningar.....	25
Snemmtæk íhlutun.....	25
Einstaklingsnámskrá	25
Tákn með tali -TMT	26
Myndrænt dagskipulag	26
Foreldrasamstarf-teymisvinna.....	26

TEACCH	26
PECS	27
Mat á leikskólastarfinu	27
Aðrir þættir í skólastarfinu	28
Foreldrasamstarf	28
Brúum bilið	28
Hefðir og siðir	28
Stoðþjónusta	28
Samstarfsaðilar	29
Starfsáætlun	29

Formáli

Í maí 2011 var gefin úr ný aðalnámskrá allra skólastiga í stað Aðalnámskrár leikskóla sem var gefin út í júní 1999.

Fyrri hluti þeirrar nýju er sameiginlegur fyrir öll skólastigin en seinni hlutinn fyrir hvert skólastig fyrir sig. Á grunni aðalnámskrár 2011 er Skólanámskrá Vallarsels unnin.

Unnið hefur verið eftir skólanámskránni frá því 2013 og er því kominn tími til að endurskoða hana.

Samkvæmt nýju námskrárinnar er lögð fram ný menntastefna sem hefur að leiðarljósi samþættingu allra skólastiganna sem á að styrkja og styðja vel við nemendur.

Menntastefnan inniheldur sex grunnþætti sem eru:

- læsi
- sjálfbærni
- lýðræði
- jafnrétti
- heilbrigði og vellíðan
- sköpun

Nokkur breyting er á námssviðum leikskólans þó innihaldið sé að flestu leyti það sama.

Þau eru:


- læsi og samskipti
- heilbrigði og vellíðan
- sjálfbærni og vísindi
- sköpun og menning.

Skólanámskráin á að vera lifandi og skal vera í sífelldri þróun og endurmati. Eftir stendur þó eins og áður, hinn frjálsi leikur sem er allt umlykjandi í skólastarfinu, því hann er í senn nám og starf barnsins og uppspretta hins skapandi leikskólanáms.

Lög og reglugerðir Í leikskólanum Vallarseli er unnið eftir lögum um leikskóla frá árinu 1994 og reglugerð um starfsemi leikskóla frá 1995. Í 1. gr. laganna segir: “Leikskólinn er fyrsta skólastigið í skólakerfinu og er fyrir börn undir skólaskyldualdri”. Ennfremur segir: “Leikskóli annast í samræmi við lög þessi að ósk foreldra, uppeldi og menntun barna á leikskólaaldri undir handleiðslu sérmenntaðs fólks í leikskólauppeldi”. Markmið 2. gr. laga um leikskóla segir m.a. “Í leikskólum á velferð og hagur barna að vera leiðarljós í öllu starfi. Veita á börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði.

Aðalnámskrá leikskóla var fyrst gefin út af Menntamálaráðuneytinu í júní árið 1999 og var hún hugmyndafræðilegur grundvöllur og stefnumótandi leiðarvísir að uppeldisstarfinu. Á grunni hennar var fyrsta skólanámskrá Vallarsels gefin út í apríl 2002.

Árið 2011 gaf Mennta- og menningarmálaráðuneytið út nýja aðalnámskrá fyrir leikskóla og er henni ætlað að vera leiðarvísir fyrir leikskólustarf og samræma menntun, uppeldi og umönnun. Hún byggir á heildarsýn á barnið og hagsmuni þess. Aðalnámskrá á að tryggja að lög, reglugerðir og sameiginleg markmið náist.



Leikskólaperlan

Leikskólaperlan er líkan af margþættu námi barnsins í leikskólanum. Í leikskólaperlunni er barnið í brennidepli því allt leikskólustarfið snýst um barnið, sá flötur er gulur þ.e. litur sólarinnar.

Þeir þættir sem næst barninu eru og unnið er með í daglegu lífi þess í leikskólanum eru:

- Að klæða sig í og úr, borðhald, svefn og hvíld, hreinlæti, frágangur og snyrtimennska.

Litur barnsins er appelsínugulur - táknið samþættingar á námi og lífi barns.

- Námssvið leikskólans koma næst:
- læsi og samskipti,
- heilbrigði og vellíðan,
- sjálfbærni og vísindi,
- sköpun og menning.

Litur námsviðanna er rauður, þ.e. glóðin sem í leikskólastarfinu býr og er uppspretta samþætts og skapandi leikskólastarfs.

- Grunnþættir menntunar eins og þeir birtast í sameiginlegum kafla aðalnámskrár fyrir öll skólastig koma í ysta hring.
- læsi
- sjálfbærni
- heilbrigði og velferð
- lýðræði og mannréttindi
- jafnrétti og sköpun.

Litur grunnþáttanna er grænn, tákn jarðarinnar, grunnurinn sem allt skólastarf byggist á;

- Leikurinn umlykur barnið í öllu starfi þess og námi.

Grunnlitur perlunnar/leiksins er ljósblár, þ.e. litur vatnsins. Í því rými flýtur allt það sem tengir hina fjölbreyttu þætti leikskólastarfsins saman, þ.e. samþætting. Leikurinn gárar vatnið og kemur öllu á hreyfingu.

Grunnurinn af Perlunni er unninn af Hrafnhildi Sigurðardóttur en uppfærður af Sesselju Hauksdóttur í samræmi við Lög um leikskóla nr. 90/2008 og Aðalnámskrá leikskóla 2011. Sett inn í skólanámskrá með leyfi höfundar.

Leikskólinn Vallarsel

Leikskólinn er staðsettur við Skarðsbraut 6 og var tekinn í notkun 20. maí 1979. Þá voru tvær deildir í skólanum með tvískiptan vistunartíma, fyrir og eftir hádegi. Árið 1985 var opnuð dagheimilisdeild, eins og það hét þá. Þar dvöldu eingöngu börn sem voru allan daginn í leikskólanum.

Árið 1992 fékk skólinn formlega nafnið Vallarsel. Í lok árs 2002 var ákveðið að stækka skólann um þrjár deildir. Haustið 2004 var allur skólinn tekinn í notkun eða sex deildir. Deildirnar heita Skarð, Jaðar, Vellir, Lundur, Stekkur og Hnúkur og vísa nöfn þeirra í staðhætti í nágrenni Akraness.

Í Vallarseli er rými fyrir 143 börn og er skólinn opinn frá kl. 6.45-16.30

Hugmyndafræði Vallarsels

Í leikskólastarfi er sótt í smiðjur ýmissa kennimanna til að móta starf skólanna og ramma þannig inn enn frekar áherslur í starfinu. Í Vallarseli er í grundvallaratriðum tekið mið af hugmyndafræði heimspekingsins John Dewey (1859 – 1952). „Learning by doing“ að læra með því að framkvæma og hugmyndafræði Lev Vygotsky (1896 – 1934) sem sagði að hlutverk menntunar ætti að vera að sjá börnum fyrir efnivið og verkefnum sem færðu börnin ávallt upp á „svæði mögulegs þroska“ „Zone of proximal development“. Dewey lagði þannig áherslu á að með fjölbreyttum verkefnum og efnivið í öllu starfinu fengi barnið í sinni uppgötvun, reynslu og þekkingu að þróa áfram leik sinn og samskipti. Með tilraunum og

leitinni að eigin lausnum lærði það gagnrýna hugsun sem áfram myndi leiða þau til meiri þroska (Wikipedia, 2013a). Vygotsky lagði áherslu á að í leikskóla lærðu börnin að sjálfsdáðum í gegnum leikinn og samræðurnar við kennarann sem fylgdi þeim eftir með leiðbeiningum og stuðningi. Þannig væru þau alltaf með verkefni sem leiddu þau áfram upp á næsta svæði (Wikipedia, 2013b). Allt þetta fellur vel að vinnulagi okkar í Vallarseli þar sem sköpunin í gegnum tónlist, samræðuna og frjálsa leikinn ber hæst. Og með því að tryggja þeim verkefni og efnivið við hæfi skapast alltaf aðstæðurnar til að komast upp á næsta svæði.

Megináherslur Vallarsels

Tónlist

Megináherslur Vallarsels í starfi með börnunum eru tónlist og frjáls leikur. Þessir þættir lita allt daglegt starf leikskólans. Mikil áhersla er lögð á að börnin fái nægan tíma í frjálsa leiknum og að gleði sé höfð í fyrirrúmi. Tónlist Vallarsel hefur unnið markvisst með tónlist frá árinu 1998. Fyrstu átta árin var unnið undir styrkri stjórn Bryndísar Bragadóttur tónlistarkennara sem gaf út bókina Töfrakassinn og byggist hún m.a. á tónlistarstarfi okkar. Árin 2006-2008 var Katrín Valdís Hjartardóttir tónmenntakennari í Grundaskóla í hlutastarfi en frá árinu 2008 hefur Vallarsel verið án tónlistarkennara. Þá var Hildur Jónsdóttir grunnskólakennari okkur til halds og trausts í tónlistarvinnu árin 2018-2020. Á þessum 23 árum hefur orðið til mikil þekking og reynsla á tónlistarvinnu með börnum. Afrakstur þessarar vinnu er Tónlistarnámskrá sem unnið er með á hverri deild. Í Vallarseli er tónlistarstjóri á hverri deild sem leiðir tónlistarstarfið. Unnið er einu sinni í viku í tónlistartímum og tónlistarverkefni eru unnin alla vikuna á milli tónlistartíma. Leitast er við að hafa tímana fjölbreytta, skemmtilega og fræðandi. Tónlistin er fyrst og fremst gleðigjafi og skemmtileg leið til þroska. Tónlist nær til og örvar minnst sex svæði í heilanum. Hún eykur greind á mörgum sviðum og styrkir meðfædda getu. Kanadísk rannsókn sýnir að flest ung börn bera ótrúlegt skynbragð á tónlist. Þegar barnið spilar á hljóðfæri og er virkur þátttakandi í tónlist taka stöðvar heilans virkan þátt, fremur en að gegna aðeins hlutverki skrásetjara. Einnig sýna tilraunir við háskólann í Hannover að tónlistarnám eykur greind, það eflir vitsmuna- og tilfinningaþroska og félagsfærni (Lifandi vísindi nr.7/2004). Þá gefur tónlistin okkur mörg tækifæri til að koma fram, bæði innan veggja skólans og utan. Við höldum úti metnaðarfullu tónlistarstarfi með tónleikum fyrir foreldra í desember og maí ár hvert, ásamt stórum tónleikum elstu deildar á menningarhátíðinni Vökudögum á hverju hausti. Þeir tónleikar eru gjarnan í samvinnu við aðra tónlistarmenn.

Markmið okkar í tónlist:

- Að efla alhliða þroska barna í gegnum leik og starf með tónlist.
- Að efla söng og sönggleði sem grundvallaratriði í tónlistaruppeldi.
- Að börn nemi grunnatriði tónlistar með samleik tóna og hreyfingar.

Áhersluþættirnir okkar í tónlist eru:

- Söngur: samsöngur og sjálfsprottinn söngur í leik.
- Hrynþjálfun: þjálfun tilfinninga fyrir þúls og hryn.
- Hreyfing: með tónlist og í tónlistarleikjum.
- Hlustun: fjölbreytt tónlist frá ýmsum löndum, klassísk sem og ný tónlist.
- Hugtök í tónlist: stíll, blær, tónhæð, hraði, styrkur, hrynur, þúls og tónlengd.
- Hljóðfæravinna: með fjölbreytt hljóðfæri og hljóðgjafa.

Frjáls leikur

Í Vallarseli er lögð mikil áhersla á frjálsa leikinn og börnum er gefinn rúmur tími til þess að þróa hann. Aðalnámskrá leikskóla (2011) gerir mikið úr mikilvægi leik barna en þar segir: “Leikur er mikilvæg námsaðferð og opnar víddir þar sem sköpunargleði barna og ungmenna getur notið sín. Hamingja og gleði liggja í því að finna hæfileikum sínum farveg og fá að njóta sín sem einstaklingur og hluti af heild ”

Leikurinn er aðaltjáningarform yngstu barnanna og uppspretta náms þeirra. Leikurinn er börnum eðlislægur og þau nýta öll tækifæri sem gefast til leiks. Leikurinn tilheyrir bernskunni og er það mikilvægasta sem börn taka sér fyrir hendur (Pramling, 1993). Aðalnámskráin (2011) styður það en þar segir: “Leikur er meginnámsleið barna. Hann skapar börnum tækifæri til að læra og skilja umhverfi sitt, tjá hugmyndir sínar, reynslu og tilfinningar og þróa félagsleg tengsl við önnur börn. Þegar börn leika sér saman mynda þau félagslega hópa og skapa eigin menningu. Þau taka þátt í lýðræðislegum athöfnum þegar þau setja fram eigin hugmyndir og þurfa jafnframt að skilja hlutina frá sjónarmiði annarra”. Leikur er mikilvægur hluti af lífi barna og því hvernig þau skilja heiminn. Í leik eiga börn samskipti, þau skapa og mynda með sér skilning á umheiminum og á milli barna ríkir gagnkvæmur skilningur og samstaða. Þau öðlast reynslu í að leysa úr vandamálum og í gegnum leik læra börn um að allir hafi sinn rétt og að allir geti haft áhrif á leikinn. Í leik læra börn hvert af öðru, þau þurfa að semja um leikinn og taka tillit til annarra. Þegar börn á ólíkum aldri og með ólíka reynslu leika sér saman geta skapast tækifæri til þess að gera tilraunir með leikinn og stækka þann heim sem skapast í leiknum (Pramling og Johansson, 2004).

Í Aðalnámskrá leikskóla (2011) segir ennfremur: “Í leik geta börn unnið með og gert tilraunir með hugmyndir sínar og öðlast nýjan skilning og nýja þekkingu. Í leik skapast vettvangur þar sem spurningar vakna og börn leysa vandamál sem upp koma á eigin forsendum. Í leik eflast vitrænir og skapandi þættir. Leikurinn kallar á fjölbreytta notkun tungumálsins, hreyfingu, félagsleg samskipti og tilfinningatengsl”.

Markmið okkar í Vallarseli

- Að efla alhliða þroska barna, andlegan, félagslegan og tilfinningalegan.
- Að skapa börnum góðan tíma til frjálsra og sjálfsprottinna leikja á eigin forsendum.
- Að skapa bestu aðstæður til náms og starfs í gegnum leikinn.

Val

Valið er rammi frjálsa leiksins. Þar fá börnin val um hvar þau vilja leika og með hvaða efnivið. Börnin velja sér svæði og bera ábyrgð á eigin vali. Hverri deild er skipt í 4 – 6 valsvæði.

Valsvæðin bjóða upp á:

- Skynfæra- og hreyfileiki.
- Sköpunar- og byggingarleiki.
- Þykjustu- og hlutverkaleiki.
- Regluleiki.

Einingakubbar-Unit blocks

Bandaríski uppeldisfrömuðurinn Caroline Pratt, hannaði einingakubbana árið 1914. Hönnun og notkun einingakubba á sér merka hugmyndafræðilega sögu í anda framfarastefnu heimspekingsins Johns Dewey. Kubbararnir eru mjög vandaðir og smíðaðir úr kjörvið, annaðhvort hlyn eða álmi. Þeir eru ólitaðir og hannaðir í ákveðnum stærðfræðilegum hlutföllum í ýmsum stærðum og gerðum, ýmist sem brot úr tiltekinni einingu, þ.e. brot úr grunnkubb eða sem margfeldi af honum. Í leik virkja einingakubbararnir athafnaþörf barnanna og vekja áhuga þeirra, þau verða virk og skapandi. Á hverri deild eru einingakubbar, þrjár yngri deildirnar eru með $\frac{1}{4}$ úr setti en eldri deildirnar $\frac{1}{2}$ sett hver. Mikill lærdómur felst í leik með einingakubba og líka með frágang þeirra. Þær stundir nýtast vel í stærðfræðilegar vangaveltur.

Holukubbar - Hollow Blocks

Holukubbar eru byggðir í sömu hlutföllum og einingakubbararnir og úr vönduðum efnivið nema þeir eru stærrir. Þeir eru skrúfaðir saman, holir að innan og eru engin hvöss horn á þeim. Í leik lúta holukubbararnir sömu lögmálum og einingakubbararnir. Holukubbararnir eru í boði inn í sal en ekki inn á deildum.

Listasmiðja

Deildirnar skipta notkun listasmiðju á milli sín eftir ákveðinni reglu. Viðkomandi deild hefur möguleika á að fella listasmiðjuna inn í valið hjá sér. Þegar deildir eiga listasmiðjuna þá færast starfsemin þangað inn að miklu leyti.

Könnunarleikur - Heuristic play with objects

Yngri börnum skólans er boðið upp á “könnunarleik með hluti”. Hugtakið er að uppruna gríska orðið eurisko og þýðir “til að uppgötva” eða “öðlast skilning á...” sem lýsir nákvæmlega því sem börnin eru að gera. Hlutirnir sem börnin leika með eru ekki plastleikföng úr búð heldur alls konar hversdagslegir hlutir og ílát. Þessir hlutir færa þeim þá reynslu, að möguleikarnir eru óþrjótandi. Þau læra frá unga aldri að það er alltaf hægt að “gera hlutina á annan hátt”, engin niðurstaða er “rétt“ eða “röng”.

Málörvun-Lubbi finnur málbein

Námsefnið Lubbi finnur málbein er ætlað til málörvunar og hljóðanáms fyrir börn frá tveggja ára aldri. Efnið stuðlar að auðugri orðaforða og ýtir undir skýrari framburð. Hvert máhljóð er kynnt með stuttri sögu, skemmtilegri vísu og hefur hvort um sig sinn eigin kassa þar sem ýmsum hlutum er safnað saman og eiga þessi hlutir það sameiginlegt að hafa sama máhljóð. Lubbi er íslenskur fjárhundur. Hann er duglegur við að gelta en Lubba langar mikið að læra að tala en þá vandast málið því þá þarf hann að læra öll íslensku máhljóðin. Krakkanir hjálpa Lubba að læra íslensku máhljóðin með söng og ýmsum öðrum æfingum. Unnið er markvisst með Lubba á öllum deildum í svokölluðum Lubba-stundum og þar fá börnin að kynna Lubba og leitinni hans að íslensku máhljóðunum. Það sem hundum finnst best að naga er bein og er Lubbi engin undantekning. Þess vegna líta máhljóðin út eins og bein og nagar Lubbi beinin og lærir með því að tala smátt og smátt.

Vináttuverkefni Barnaheilla-Blær

Veturinn 2018-2019 tók Vallarsel nýtt námsefni í notkun sem er Vináttuverkefni Barnaheilla. Vinátta byggist á nýjustu rannsóknum á einelti og á ákveðinni hugmyndafræði og gildum sem mikilvægt er að séu samofin öðru starfi þeirra skóla sem vinna með efnið. Auk þess byggir Vinátta á raunhæfum verkefnum fyrir nemendur, starfsfólk og foreldra. Þátttaka allra í þessu forvarnarverkefni er grundvöllur þess að vel takist til. Gert er ráð fyrir að þátttakendur tileinki sér þessi grunngildi við vinnu og í samskiptum innan skólasamfélagsins.

Hugmyndafræðin endurspeglast í eftirtöldum fjórum gildum:

- **Umburðarlyndi:** Að viðurkenna og skilja mikilvægi og gildi fjölbreytileikans og að koma fram við alla aðra af virðingu.
- **Virðing:** Að viðurkenna og taka tillit til allra barnanna í hópnum, að vera öllum góður félagi og að virða margbreytileikann innan hópsins.
- **Umhyggja:** Að sýna öllum börnum áhuga, samkennd, samlíðan og hjálpsemi. Að hafa skilning á stöðu annarra.
- **Hugrekki:** Að þora að láta til sín heyra og geta sett sér mörk. Að vera hugrakkur og góður félagi sem bregst við óréttlæti.

Vinátta felst í því að fyrirbyggja einelti með því að móta góðan skólabrag, eiga góð samskipti og hafa jákvæð viðhorf til allra í hópnum. Lögð er sérstök áhersla á að ná til þeirra barna og fullorðinna sem verða vitni að einelti og hvetja þau til að bregðast við því.

Daglegt líf

Daglegt líf í leikskólanum markast af föstum athöfnum sem varða líkamlegar þarfir og heilsu. Á ákveðnum tímum dagsins matast börnin, þvo sér, hvíla sig o.s.frv. Í skipulagi leikskólans er samræmi og jafnvægi á milli allra þátta, bæði skipulagðra og frjálsra. Við eflum börnin til sjálfshjálpar með því að hvetja, hrósa og leiðbeina. Rauði þráðurinn í gegnum allt daglegt starf er að skapa öryggi hjá börnunum og efla sjálfstæði þeirra.

Markmið okkar í Vallarseli:

Að efla sjálfstraust og sjálfstæði barna í öllum daglegum athöfnum. Okkar metnaður er að hjálpa þeim að hjálpa sér sjálf sem gerir þau að sterkari einstaklingum.

Fataherbergi

Í fataherbergi er lögð áhersla á að börnin læri að klæða sig úr og í sjálf. Börnunum er kennt að ganga snyrtilega frá fatnaði sínum og að hjálpa hvert öðru. Þau fá þá aðstoð sem þörf er á hverju sinni en eru hvött á jákvæðan hátt til sjálfshjálpar. Við leggjum áherslu á félagsleg samskipti og rólega samveru í fataherberginu.

Útivera

Útivera er á hverjum degi nema eitthvað sérstakt standi í vegi fyrir því. Í útiveru er lögð áhersla á að börnin fái að leika sér á frjálsglegan hátt án mikilla afskipta starfsfólks. Útileiksvæði leikskólans býður upp á fjölbreytta möguleika til allskonar hreyfileikja, bæði sjálfsprottinna og skipulagðra.

Borðhald

Við matarborðið er lögð áhersla á góða borðsiði og að börnin geti bjargað sér að mestu við matarborðið. Reynt er að nýta hádegisverð og síðdegishressingu sem rólega stund með börnunum, þar sem við njótum þess að borða saman og ræða málin.

Hreinlætisvenjur

Á salerni eru börnin hvött til sjálfshjálpar á sem bestan hátt þar sem starfsfólkið er til staðar ef þess gerist þörf. Þau eru einnig hvött til að gæta fyllsta hreinlætis og er kennt að tileinka sér almennar hreinlætisvenjur og verða sem best sjálfbjarga.

Hvíld

Hvíldartími er eftir hádegisverð þar sem hlustað er á sögu eða rólega tónlist. Við sköpum aðstæður til hvíldar á bæði líkama og sálu og starfsfólk nýtir þessar stundir til að styrkja tilfinningatengsl við börnin.

Að koma og fara

Við komu og brottför er lögð áhersla á að öllum börnum sé heilsað og þau kvödd með nafni. Mikilvægt er fyrir líðan barnana að þau finni að þau séu velkomin í leikskólann. Hlýlegar móttökur veita öryggi og gleði. Lögð er áhersla á að börnin fari í góðu jafnvægi heim.

Dagskipulag

Dagskipulag leikskólastarfsins felur í sér reglubundna tímaröð starfsþátta. Hver deild skipuleggur sitt innra starf eftir þroska og hæfni barnanna.

Rammi dagskipulags er sá sami á öllum deildum en útfært á þann hátt sem hentar hverri deild fyrir sig.

6:45-7:45	Leikskólinn opnar á Völlum- frjáls leikur
7:45	Heimastofur opna, allir fara á sína deild
8:00-9:00	Morgunverður á öllum deildum
9:00-12:00	Friðartími: Val/frjáls leikur/ávaxtastund/ skipulagt starf/ útivera
12:00-12:50	Hádegisverður á öllum deildum
13:00-15:00	Hvíld/slökun/val/ frjáls leikur/skipulagt starf/ útivera
15:00-15:30	Nónhressing
15:30-16:15	Val/frjáls leikur (heimastofur loka 16:15)
16:15-17:00	Skilað á Völlum (leikskólkinn lokar 17:00)

Aðalnámskrá leikskóla

Í nýrri Aðalnámskrá leikskóla (2011) er lögð áhersla á lýðræði og jafnrétti og litið svo á að börnin séu fullgildir þátttakendur í samfélagi leikskólans. Þau eiga að fá tækifæri til að koma að lýðræðislegum ákvörðunum sem varða leikskólastarfið sjálft. Leikskólinn er jafnframt mikilvægur vettvangur til að jafna uppeldisaðstæður barna. Lögð er áhersla á að kennarar og stjórnendur í leikskólum fái svigrúm til að þróa leikskólastarfið á faglegan og skapandi hátt.

Samkvæmt aðalnámskrá eru grunnþættir menntunar sex:

- Læsi
- Sjálfbærni
- Lýðræði og mannréttindi,
- Jafnrétti,
- Heilbrigði og velferð
- Sköpun.

Grunnþættir menntunar

Læsi

Börn eru miklar félagsverur og nota ýmsar aðferðir til að tjá sig og eiga samskipti við aðra. Læsi er mikilvægur þáttur í öllum samskiptum og felur í sér að búa yfir leikni til að skynja, skilja og túlka. Læsi er að taka þátt í að móta umhverfi sitt, gagnrýna og miðla. Læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt. Með læsi er einnig verið að tala um þróun

læsis og þá í víðari skilningi og er þá átt við sjónrænar vísbendingar, læsi í samskiptum, læsi í umhverfinu, tölur, blöð, fréttir og frásagnir, ljósmyndir og fjölmenningu, Með læsi öðlast börnin skilning á að ritað mál og tákni hafi merkingu, þau deila skoðunum sínum og hugmyndum með öðrum börnum og fullorðnum og taka tillit til annarra. Sem fyrr skiptir miklu máli að börn nái tökum á tiltekinni lestrar- og ritunartækni en athyglin beinist nú einnig að allri þeirri tækni sem börnin geta notað í samskiptum, námi og merkingarsköpun – í þágu sjálfra sín og samfélagsins. Börn nýta margar leiðir og ólíka tækni til að komast yfir upplýsingar og setja fram hugmyndir sínar.

Læsi og samskipti í Vallarseli

Meginmarkmið læsis er að börnin séu virkir þátttakendur í að búa til sína eigin merkingu í umhverfið og bregðist við á persónulegan og skapandi hátt við því sem þau lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á. Sem fyrr skiptir það miklu máli að börn nái tökum á tiltekinni lestrar- og ritunartækni en athyglin beinist nú jafnframt að allri þeirri tækni sem þau geta notað í samskiptum, námi og merkingarsköpun – í þágu sjálf síns og samfélagsins.

Markmið okkar í Vallarseli

- Að efla færni barna í að taka þátt í almennum samræðum.
- Að efla hlustun og tjáningu.
- Að efla tilfinningu fyrir ritmáli og táknum.
- Að börnin nái góðu valdi á íslenskri tungu.
- Að efla hæfni barna til jákvæðra og uppbyggilegra samskipta við aðra í daglegu starfi.
- Að börnin læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.
- Að efla sjálfstæði barna og sjálfsmynd.
- Að efla félagslega færni í leik og starfi.

Leiðir

- Að hafa leikinn í fyrirrúmi, félagslegan leik, hlutverkaleik, regluleik og fl.
- Að tengja málörvun við allar daglegar athafnir og hafa í huga virka hlustun, máltjáningu og orðaforða. Setja orð á hluti og athafnir.
- Að vinna með Vináttuverkefni Barnaheilla-Blær. Lífsleikni er hluti af læsi og samskiptanámi barnanna. Lífsleikni byggist á alhliða þroska barna, færni þeirra til samskipta, rökrænnar tjáningar og virðingu fyrir umhverfi sínu.
- Að hafa ritmálið sýnilegt á deildum.
- Nota TMT.
- Að nota myndrænt skipulag á deildum, fataherbergjum, við matarborð, á wc o.fl.
- Að hafa mál- og læsisörvandi efnivið aðgengilegan á leiksvæðum.
- Að lesa fyrir börnin daglega, hafa bækur aðgengilegar og að lestrarefni sé við hæfi. Bókasafnsferðir, hlusta á upplestur og fleira.

Sjálfbærni

Sjálfbærni snýst um að hugsa um samspil umhverfis, efnahags, samfélags og velferðar. Algengasti skilningurinn á hugtökunum sjálfbærni og sjálfbærri þróun er að við skilum

umhverfinu til afkomendanna í ekki lakara ástandi en við tókum við því og við reynum að mæta þörfum samtíðar án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að mæta þörfum sínum.

Menntun til sjálfbærni samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla (2011) hefur það að markmiði að skapa samábyrgt samfélag. Það gerum við með því að þroska hvern einstakling sem virkan borgara sem hefur þekkingu á og er meðvitaður um gildi, viðhorf og tilfinningar sínar gagnvart:

- Hnattrænum áhrifum okkar og jafnræði allra jarðarbúa.
- Náttúru og umhverfi.
- Lýðræði, mannréttindum og réttlæti.
- Jafnrétti og fjölmenningu.
- Velferð og lýðheilsu.
- Framtíðarsýn.

Í Aðalnámskrá eru taldar upp ýmsar aðferðir í menntun til sjálfbærni eins og:

- Áhersla á grenndarsamfélagið: Kynnast starfsemi í grennd við skóla (fyrirtæki, iðnaður, elliheimili, aðrir leikskólar og grunnskólar, söfn).
- Útinám; hringrásir í náttúrunni og ferlar í umhverfinu, huga að viðhaldi nánasta umhverfis, s.s. hreinsa rusl, safna og sá fræjum, gróðursetja, rækta matjurtir.
- Tengja kynslóðir saman í gegnum hverfamiðuð verkefni, s.s. börnin heimsækja elliheimili og syngja fyrir íbúana.
- Áhersla á að nýta landsins gæði í leikskólastarfi, til listsköpunar, matargerðar og tjáningar.
- Stuðla að sjálfbærum samgöngum eftir því sem kostur er, t.d. að ganga eða hjóla í leikskólann, nýta almenningssamgöngur.

Sjálfbærni í Vallarseli

Sjálfbærni snýst um að hugsa um samspil umhverfis, efnahags, samfélags og velferðar. Sjálfbærni er þátttaka í lífinu sjálfu. Sjálfbærni og sjálfbær þróun felur í sér að við skilum umhverfinu til afkomendanna í ekki lakara ástandi en við tókum við því og við leitumst við að mæta þörfum samtíðar án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að mæta þörfum sínum.

Markmið okkar í Vallarseli

- Að efla tækifæri barna til að rannsaka og uppgötva.
- Að auka virðingu barna fyrir lífríki jarðar og nýtingu náttúrunnar.
- Að auka skilning barna á umhverfi sínu.
- Að börnin upplifi merkingarbæra reynslu.
- Að vekja börnin til umhugsunar um ýmis málefni sem tengjast umhverfi og náttúru.
- Að efla tækifæri barna til að nýta sér tæknina til að gera starfið sýnilegt.

Leiðir

- Horfa, hlusta, rannsaka og bera saman.
- Leikur í umhverfinu, snerta, hanna og kanna.
- Nota efnivið úr umhverfinu.
- Hrósa, leyfa börnunum að gera sjálf “learning by doing”.
- Vettvangsferðir/gönguferðir um nánasta umhverfi.
- Heimspækilegar umræður og fræðsla um umhverfið, orsök og afleiðing.
- Kenna börnum að telja (perlur-hnífapör-í vali-spil-ýmis önnur verkefni).
- Ruslatínsla á Degi náttúrunnar og Alþjóða umhverfisdagsins, ganga snyrtilega um.
- Taka ljósmyndir í starfinu og setja á heimasíðuna, sýn barnanna á umhverfi sitt.
- Tölvuleikir í stýrðu umhverfi.
- Flokkanir og endurvinnsla á sorpi sem fer fram á deildum og þátttaka barnanna í því ferli.
- Gróðursetning kartöflur og fræ.
- Stærðfræði; leika með Einingakubba og fleira.
- Veðurathuganir; veðurfræðingur, veðurdagbók
- Börnin fá hlutverk; passa upp á að spara rafmagn, flokka, vera þjónn (ávaxtaþjónn og þjónn við hádegisverð), ýmis eftirlitsstörf og ábyrgðarstörf.

Lýðræði og mannréttindi

Í Aðalnámskrá leikskóla (2011) er sagt að kenna skuli börnum lýðræðisleg vinnubrögð. Börnin skulu hafa tækifæri til að taka þátt í áætlanagerð, ákvörðunum og mati. Börnin þurfa að finna að þau hafi eitthvað um hlutina að segja, að tekið sé mark á þeim. Settar eru fram reglur í leikskólanum sem eiga að gilda fyrir allan barnahópinn og mikilvægt er að útskýra fyrir þeim hver tilgangur þessara reglna er. Þetta telst upphaf lýðræðislegra vinnubragða sem börn þurfa smám saman að temja sér.

Leikskólakennarar og annað starfsfólk spila stórt hlutverk þegar kenna skal uppeldi til lýðræðis. Fram kemur að hlutverkið sé tvenns konar; annars vegar að skipuleggja umhverfið og uppeldistarfið og hinsvegar að gera sér grein fyrir hvernig uppeldisleg sýn þeirra og gildi hafa áhrif og lita starfshætti þeirra.

Lýðræði í leikskólanum getur komið fram á margan hátt. Að koma fram í leikskólanum, standa frammi fyrir hópnum og láta rödd sína hljóma eru í raun að nýta lýðræði sitt. Það er ein leið til að efla börnin í að verða virkir borgarar í lýðræðissamfélagi. Allt sem fram fer í leikskólanum er í raun ein allsherjar upplifun og æfing í lýðræðislegum vinnubrögðum. Í leikskólum er lögð áhersla á félagslega hæfni barnanna. Þetta má merkja á að þættir eins og hjálpssemi og virðing fyrir öðrum er ofarlega á blaði. Þá er einnig mikilvægt að börn læri að leysa úr eigin ágreiningsefnum, lýðræði þarf að lærast. Ef við kjósum að lifa við lýðræðisleg lífsform, verðum við að ávinna okkur félagslega hæfni til að lifa í lýðræðislegu samfélagi.

Samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla (2011) eru markmið að lýðræðisnámi þessi:

- Að læra lýðræðislega starfshætti, þ.e. að kunna að athafna sig á lýðræðislegan hátt.

- Að læra að lifa í lýðræðislegum samskiptum við aðra, tileinka sér lýðræðislegar lífs- og starfsvenjur.
- Að taka þátt í mótun lýðræðislegra samfélagshátta og samfélagsgerðar.

Lýðræði og mannréttindi í Vallarseli

Á síðustu árum hefur fjöldi tvítyngdra barna aukist mikið í Vallarseli og virðist lítið lát á. Mikilvægt er að haga daglegu starfi þannig að það henti öllum börnum. Öll börn eru einstök, með sinn persónuleika og einkenni. Við í Vallarseli viljum fagna fjölbreytileika barnanna og horfa á hvað hvert og eitt barn hefur fram að færa.

Vallarsel vinnur í anda skóla án aðgreiningar og byggist sú stefna á hugmyndum um skólann sem samfélag þar sem eining, samhugur og samvinna ríkir. Þar er virðing borin fyrir einstaklingnum og fjölbreytileikanum innan hópsins. Hún byggist á samfélagi þar sem fjölbreytileikanum er fagnað og er mikilvægur liður í að raddir allra heyrast í lýðræðisþjóðfélagi (Sapon-Shevin, 2007). Kenna þarf börnum fjölmennningarlega ábyrgð en mikilvægt er að bera virðingu fyrir þeirri menningu sem er í kringum barnið og hvað sú menning færir þeim út í námið. Öll börn eiga það sameiginlegt að vilja athygli, ást, sjálfstæði og vera hluti af samfélaginu (Hill og Davis, 1999). Mikilvægt er að horfa á fjölbreytileikann meðal barnahópsins sem tækifæri til öflugra skólastarfs þar sem allir taka þátt á eigin forsendum, hafa jafnan rétt til náms og njóta virðingar hvers annars. Aðalnámskráin (2011) segir enn fremur að lýðræðislegt leikskólastarf byggist á jafnrétti, fjölbreytileika, samábyrgð, samstöðu og viðurkenningu fyrir ólíkum sjónarmiðum. Þar eiga börn að finna að þau eru hluti af hópi og samfélagi þar sem réttlæti og virðing einkenna samskipti. Lítið er á börn sem virka borgara og þátttakendur þar sem hver og einn fær tækifæri til að leggja sitt af mörkum til að hafa áhrif á umhverfi sitt.

Heilbrigði og velferð

Heilbrigði byggir á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan án tillits til félagslegrar stöðu. Það ræðst af flóknu samspili einstaklings, aðstæðna og umhverfis. Allt leikskólastarf þarf að efla heilbrigði og stuðla markvisst að velferð og vellíðan enda verja börn stórum hluta dagsins í leikskóla. Veita þarf fræðslu um hreyfingu, efla hreyfifærni og skapa öruggt umhverfi sem hvetur alla til hreyfingar. Taka þarf mið af þessu í íþróttakennslu og öllu öðru leikskólastarfi. Í leikskólaumhverfinu þarf á sama hátt að stuðla að heilsusamlegu fæðuvali með fræðslu og góðu framboði á fjölbreyttum mat.

Helstu þættir heilbrigðis sem leggja þarf áherslu á skv. aðalnámskránni í leikskólastarfi eru:

- Jákvæð sjálfsmynd.
- Hreyfing.
- Næring.
- Hvíld.
- Andleg vellíðan.
- Góð samskipti.
- Öryggi.

- Hreinlæti.
- Skilningur á eigin tilfinningum og annarra.

Heilbrigði og vellíðan í Vallarseli

Heilbrigði og vellíðan byggir á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan án tillits til félagslegrar stöðu. Það ræðst af flóknu samspili einstaklings, aðstæðna og umhverfis. Allt skólastarf þarf að efla heilbrigði og stuðla markvisst að velferð og andlegri vellíðan enda verja börn og ungmenni stórum hluta dagsins í skóla. Veita þarf fræðslu um hreyfingu, efla hreyfifærni og skapa öruggt umhverfi sem hvetur alla til hreyfingar.

Markmið okkar í Vallarseli

- Að stuðla að heilsusamlegu fæðuvali með fræðslu og góðu framboði á fjölbreyttum mat.
- Að gefa nægan tíma til að nærast.
- Að veita börnum tækifæri til hvíldar og slökunar.
- Að efla sjálfsmynd barna.
- Að skapa tækifæri til daglegrar hreyfingar.
- Að efla færni barna í daglegri og persónulegri umhirðu.

Leiðir

- Að hafa sjáanlegan fæðuhring.
- Þjófða upp á ávaxtastundir.
- Stuðla að tannvernd með tannverndarviku/heimsókn á tannlæknastofu.
- Þjófða upp á hreyfileiki bæði inni og úti.
- Slökun; hlusta á sögu, tónlist og hvíld eða svefn. Viðhafa ró á matartímum, hávaðamæling, loka á milli rýma.
- Nota markvisst hrós og virka hlustun.
- Fara í gönguferðir með ákveðnu markmiði.
- Kenna börnum almennt hreinlæti og leiðbeina þeim í matartíma, í fataherbergi, í leik og með salernisferðir.
- Að börnin taki þátt í tiltekt á því sem þau voru að leika með.
- Að börnin leggi á borð, læri að borða með hnífapörum og viðhafi almenna borðsiði.
- Nota matmálstíma í notalegt spjall.
- Snerting og umhyggja. Viðhafa hlýlegt andrúmsloft á deildinni.

Jafnrétti

Samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla (2011) skal fara fram jafnréttismenntun í leikskólum. Menntun til jafnréttis skal fjalla um hvernig aldur, búseta, fötlun, kyn, kynhneigð, litarháttur, lífsskoðanir, menntun, stétt, trúarbrögð, tungumál, ætterni eða þjóðerni geta skapað mismun eða forréttindi í lífi fólks.

Hlutverk leikskóla er að búa bæði stúlkur og drengi undir jafna þátttöku í samfélaginu og lögð sé áhersla á að þau eigi sem víðtækasta og jafnasta möguleika í lífinu og að hvergi séu hindranir í vegi hvors kyns fyrir sig. Mikilvægt er í öllu leikskólastarfi að þessi ákvæði séu

höfð að leiðarljósi og draga skal fram að við búum öll við ólíkar aðstæður. Í leikskólastarfi þarf að huga að velferð allra barna en samkvæmt lögum um leikskóla eiga öll börn rétt á innihaldsríku lífi og að fá að njóta æsku sinnar (Velferðarráðuneyti, e.d.).

Skólum ber að starfa í anda skóla án aðgreiningar sem byggir á hugmyndum um skólann sem samfélag þar sem eining, samhugur og samvinna ríkir. Þar sem virðing er borin fyrir einstaklingnum og fjölbreytileikanum innan hópsins.

Skóli án aðgreiningar byggist á samfélagi þar sem fjölbreytileikanum er fagnað og er mikilvægur liður í að raddir allra heyrist í lýðræðisþjóðfélagi (Sapon-Shevin, 2007). Kenna þarf börnum fjölmenningarlega ábyrgð en mikilvægt er að bera virðingu fyrir þeirri menningu sem er í kringum börnin og hvað sú menning færir þeim út í námið. Mikilvægt er að horfa á fjölbreytileikann meðal barnahópsins sem tækifæri til öflugs skólustarfs þar sem allir taka þátt á eigin forsendum, hafa jafnan rétt til náms og njóta virðingar hvers annars. Ef slík hugsun er ríkjandi í skólasamfélaginu eru allar leiðir opnar í öflugum og mannþætandi skólustarfi. Börn í leikskóla eiga að hafa kost á því að læra og fjalla um ólíka menningu á mismunandi tímum í ólíkum menningarheimum.

Markmið jafnréttismenntunar skv. aðalnámskránni er m.a.:

- Að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína, lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis.
- Að allir séu virkir þátttakendur í því að skapa samfélag þar sem ríkið jöfnuður, jafnrétti og réttlæti.

Dæmi um viðfangsefni jafnréttismenntunar sem fjalla má um á leikskólum:

- Kyn.
- Fötlun.
- Aldur.
- Menntun.
- Menning.
- Þjóðerni.
- Samskipti.
- Tungumál.
- Móðurmál.
- Tvítyngi og fjöltyngi.
- Félagsleg mismunun eins og einelti.

Jafnrétti í Vallarseli

Í nýrri Aðalnámskrá leikskóla (2011) stendur að markmið jafnréttismenntunar sé:

- að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum
- að rækta hæfileika sína

- að lifa lifa ábyrgu lífi í frjálsum samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis.

Markmið okkar í Vallarseli

Í Vallarseli er leikskólastarf byggt á jafnrétti, virðingu fyrir margbreytileika mannlífsins og öðrum menningarheimum.

Aðalnámsskrá segir að virða skuli rétt allra sem þar dvelja, óháð kynferði, bakgrunni, aðstæðum eða getu og leitast við að koma til móts við þarfir allra.

Við leggjum okkur fram við:

- Að auka aðgengi foreldra tvítyngdra barna í Vallarseli að upplýsingum og öðru sem snýr að leikskólastarfinu.
- Að auka skilning og víðsýni starfsmanna á menningarlegum fjölbreytileika.
- Að virða alla foreldra sem uppalandur og sérfræðinga um sitt barn.
- Að virða menningu barna og foreldra og sjá tækifærin í margbreytileikanum.
- Að vinna markvisst að því að auðvelda tvítyngdum börnum að aðlagast íslenskri tungu og menningu.
- Að allir hafi sömu möguleika á námi og í samskiptum.
- Að horfa á fjölbreytileikann sem tækifæri til öflugs skólastarfs þar sem allir fá að taka þátt á eigin forsendum og hafi jafnan rétt til náms og njóti virðingar.

Sköpun

Í sköpun felst að móta viðfangsefni og miðla þeim, búa til, gera eitthvað nýtt eða öðruvísi en viðkomandi kann eða hefur gert áður. Sköpun er að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafl og leika sér með möguleika. Sköpun brýtur hefðbundin mynstur, reglur og kerfi og veitir börnum og kennurum nýja sýn á fyrirbæri og viðteknar hugmyndir. Sköpun byggir á gagnrýnni hugsun og aðferðum sem opna sífellt nýja möguleika og því skiptir sköpunarferlið ekki síður máli en afrakstur verksins. Vinnubrögð í listsköpun og vísindum einkennast oft af sköpunargleði, frumkvæði og frumleika. Slík vinnubrögð eru æskilegt að sjá í öllu námi og skólastarfi.

Í aðalnámsskránni kemur fram að skapandi starf skuli fyrst og síðast beinast að ferlinu sjálfu, gleðinni, tjáningunni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fá notið sín. Í sköpun er mikil áhersla lögð á að kynna fyrir börnum helstu hátíðir í íslensku samfélagi.

Öll börn skulu fá tækifæri til að vinna með skapandi og fjölbreyttan efnivið og að allir geti tjáð sig um sín verkefni. Sköpun einkennist af, byggir á, tengist og fjallar um forvitni, fjölbreytileika, ástríðu, óvissu, hið óþekkt, vogun (að þora), áræðni, áhættusækni, áskorun, spennu eða leit. Sköpun krefst þess að spurt sé spurninga, gerðar tilraunir og af henni lært.

Skapandi leikskóli er opinn og sveigjanlegur, lýðræðislegur mannræktarskóli sem einkennist af hvatningu, starfsgleði, víðsýni, umburðarlyndi og gagnkvæmri virðingu allra sem þar starfa.

Skapandi leikskólustarf er m.a. samkvæmt aðalnámskrá:

- Þegar það er eðlilegt, sjálfsagt og nauðsynlegt að setja spurningamerki við viðtekna þekkingu, velta við steinum, endurskoða, endurskilgreina, rýna, gera, rökræða, sprengja mörk og að hafa fjölbreytileikann í fyrirrúmi.
- Þegar skapað er rými fyrir óvænta hluti - niðurstaðan er ekki ljós - allt getur gerst.
- Þegar ákvarðanir og verklag barna/kennara helgast af innsæi, tjáningu og sjálfsþekkingu.
- Þegar börnin nálgast námið með eftirvæntingu, skilningi og tengjast því á persónulegan hátt.
- Þegar börnin læra að trúa á sig og hugmyndir sínar ásamt því að geta og læra að treysta eigin dómgreind.
- Þegar börnin þroska með sér færni og viðhorf, áræðni og frumkvæði, sköpunarhæfni, ímyndunarafl og verklagni – og vaxa með verkum sínum.
- Þegar börnin læra að byggja á fyrri þekkingu og í ferlinu ná að skapa nýjan skilning, þ.e nýja þekkingu.
- Þegar börn og kennarar eru hvattir til að sýna frumkvæði og tjá sig með fjölbreyttum hætti.
- Þegar list og sköpun af ýmsum toga er gerð sýnileg með sýningum og hátíðum.

Skapandi starf í Vallarseli

Í sköpun felst að móta viðfangsefni og miðla þeim, búa til, gera eitthvað nýtt eða öðruvísi en viðkomandi kann eða hefur gert áður. Sköpun er að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafl og leika sér með möguleika. Sköpun brýtur hefðbundin mynstur, reglur og kerfi og veitir nýja sýn á fyrribæri og viðteknar hugmyndir. Sköpun byggir á gagnrýnni hugsun og aðferðum sem opna sífellt nýja möguleika og því skiptir sköpunarferlið ekki síður máli en afrakstur verksins. Í sköpun felst einnig hagnýting hugmynda. Vinnubrögð í listsköpun og vísindum einkennast oft af sköpunargleði, frumkvæði og frumleika. Þannig vinnubrögð er gott að sjá í öllu námi og skólustarfi.

Markmið okkar í Vallarseli

- Að tónlist sé daglegur hluti af lífi, leik og námi.
- Að börnin njóti sín í tónlistarstarfi.
- Að skapandi starf beinist að ferlinu sjálfu, gleðinni, tjáningunni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fá að njóta sín.
- Að tækifæri séu gefin til að kynnast íslenskum hefðum og hátíðum.
- Að efla fræðslu um menningu annarra þjóða ásamt okkar.
- Að skapa aðstæður fyrir skapandi leik sem hefur ótakmarkaða möguleika.

Leiðir

- Að börnin fái að hafa meira val um efnivið og hvernig unnið sé með hann.
- Að bjóða upp á opinn efnivið.
- Halda fast í íslenskar hefðir.
- Markviss vinna með tónlist, hljóðfæravinnu, söngtexta, þulur og hreyfisöngva.
- Fræðast um uppruna barna af erlendu bergi brotnu sem eru í leikskólanum okkar.
- Að auka áhrif barna í skapandi starfi í listasmiðjunni, þ.e. minni stýring.
- Vettvangsferðir í söfn, bókasöfn, tónleika og kenna þeim þar viðeigandi hegðun og að njóta þess sem boðið er upp á.
- Hljóðfæravinna og söngur
- Fá leikhópa í leikskólann, setja sjálf upp leiksýningar og æfa okkur að koma fram fyrir aðra.

Máltaka tvítyngdra barna

Um það bil 10% barna í Vallarseli eru tvítyngd börn og lítum við á fjölbreytileikann sem verkefni og tækifæri fremur en hindrun. Það er langtímaverkefni fyrir börn að læra íslensku sem annað mál og þau þurfa markvissa kennslu og aðstoð við það.

Tvítyngd börn læra tungumálið oftast hægar en önnur börn enda eru þau að deila tíma sínum niður á fleiri en eitt tungumál og eru að læra bæði tungumálin samhliða.

Vallarsel reynir í daglegu starfi að koma til móts við þarfir allra barna. Mikilvægt er að umhverfi barnanna sé hvetjandi og myndrænt. Börnum er kennd íslenska í gegnum samskipti og leik. Umhverfið og aðgerðir eru gerðar auðveldari með myndrænum skýringum og Tákn með tali.

Við leggjum áherslu á örvun og kennslu í barnahópnum. Þau læra tungumálið í samhengi við athafnir og samskipti þar sem orð eru sett á hluti, athafnir og reynslu jafnóðum. Mikilvægt er að þau hafi málfyrirmyndir, bæði í barna- og starfsmannahópnum.

Öll dagleg samskipti eru mikilvæg og að fara niður á gólfíð til barnsins, leika við það og hvetja önnur börn til að vera með (Elín Þöll Þórðardóttir, 2007).

Leiðir til eflingar málþroska tvítyngdra barna:

- Að spila málörvandi og málhvetjandi spil og verkefni.
- Að fara í leiki sem gera kröfu á að börnin tjái sig.
- Að tala í stuttum og skýrum setningum og endurtaka oft.
- Að setja orð á athafnir.
- Að taka barnið reglulega í fangið og skoða með því myndabækur með einföldum og skýrum myndum.
- Að vera í leik með barninu, t.d. hlutverkaleik, búðarleik, afmælisleik ofl.
- Að nota ápreifanlega hluti s.s. sækja fötin þeirra í forstofuna, ná í áhöld í eldhúsið, hiti, kuldi.
- Hafa í huga Learning by doing- að þau læra með því að gera, snerta og vinna.

- Vera viss um að barnið sjái andlit þess sem það talar við, að það sé augnsamband til staðar.
- Að hlusta á barnið og bregðast við leik þess að málinu.
- Að leika við barnið og nota leiki sem gera ráð fyrir að þið skiptist á
- Að sýna barninu myndir og hluti þegar talað er við það svo að það geti tengt saman orð og hluti/myndir.
- Nota endurtekningu og eftirhermu í ríku mæli.
- Sjá barninu fyrir góðum málfyrirmyndum.
- Skapa aðstæður fyrir samtöl um það sem verið er að gera hverju sinni um einstök viðfangsefni og hluti.
- Hvetjum barnið til að segja ákveðin orð.
- Látum barnið hafa harðspjaldabækur og tímarit til að skoða.
- Lesum fyrir barnið og segjum því sögu á hverjum degi.
- Kennum barninu einföld sönglög og þulur.
- Gefum barninu næga líkamlega nálægð og snertingu.
- Sjáum til þess að barnið finni gleði í leik með tungumálið.
- Skipuleggjum hópavinnu fyrir barnið í litlum hópi með einu til þremur öðrum börnum.
- Fáum eins mikla aðstoð hjá tvítyngdu starfsfólki og foreldrum og hægt er að koma við.
- Hvettu foreldra tvítyngdra barna til að tala móðurmál sitt heima fyrir og lesa fyrir börnin sín daglega.
- Lærum orð og orðasambönd, rímur og sönglög á móðurmáli barnsins.
- Setjum upp sjónrænt skipulag svo dagurinn verði skiljanlegri og fyrirsjáanlegri fyrir börnin:

Með sjónrænu skipulagi er átt við að notaðar eru myndir í umhverfi (boardmaker, táknmyndum (TMT) eða ljósmyndum, eða blanda öllu saman). Í fataherbergjum eru myndir af fötum sem börnin eiga að fara í, myndir af leikföngum inni í leikherbergjum og af mataráhöldum og mat þar sem er borðað, svo fátt eitt sé nefnt.

Gott er að setja upp samskiptatöflu með Boardmaker myndum og þannig geta börnin bent á það sem þeim vantar eða langar, geti sagt hvernig þeim líður eða annað sem þau vilja tjá sig um en hafa ekki orðin til þess.

Mikilvægt er að hafa myndir yfir tilfinningar og þarfir eins og svangur, heitt, glaður o.fl. TMT-tákn með tali TMT er notað á deildum með öllum börnum og sérstaklega þeim sem hafa ekki færni í að gera sig skiljanleg með orðum. Þegar lögð eru inn ný orð/tákn er gott að senda þau einnig heim í myndformi (tmt.is) þá geta foreldrar einnig æft sig. Þegar lögð eru inn ný orð (hugtök eða smáorð) þarf að leggja mikla áherslu á þau orð í öllu starfinu.

Annað sem tengist fjölmenningu í Vallarseli

Í fataherbergi eru hengdir upp þjóðfánar þeirra landa sem börnin koma frá og kveðjur eins og góðan daginn / velkominn á þeirra tungumáli. Einnig er leitast við að eiga landslagsmyndir frá

löndunum, lítinn fána, ferðamannabæklinga, kort, frímerki og annað þjóðlegt. Þetta þarf að vera samvinnuverkefni milli heimilis og skóla.

Hægt er að biðja foreldra að koma með slíkt til okkar eftir ferð til heimalandsins.

Ef börnin eiga bækur, geisladiska, tölvuleiki eða eitthvað í þeim dúr á sínu tungumáli væri gaman að fá það lánað í leikskólann. Kennarar nýta upplýsingablöðin frá foreldrum um sérstaka daga ársins í þeirra menningu.

Móttökuáætlun fyrir tvítyngd börn

Áður en tvítyngt barn byrjar í aðlögun setjum við í fataherbergi fána barnsins ásamt því að vera boðið velkomið/góðan daginn á þeirra tungumáli.

Fljótlega eftir aðlögun fá öll börn heim með sér myndir af:

- Öllum börnum á deildinni ásamt nöfnum þeirra.
- Starfsmönnum deildarinnar ásamt nöfnum þeirra.

Þegar börn byrja í aðlögun á yngstu deild (á haustin) er hafður sá háttur á að foreldrar eru boðaðir á kynningarfund snemma sumars. Þar er leikskólinn og starf deildarinnar kynnt fyrir nýjum foreldrum. Í leikskólanum starfar pólskur leikskólakennari og er hann okkar tengiliður við pólskumælandi foreldra. Hann tekur þátt í þessari kynningu ef von er á pólskumælandi foreldrum að hausti. Ef um önnur tungumál er að ræða þá notum við ensku.

Fyrsta viðtal

Á aðlögunartímanum er sest niður með foreldrum og farið yfir ýmis pappírsmál er varða skólagönguna eins og upplýsingar um þeirra menningu og fleira. Eyðublað um orðalista, ásamt upplýsingum um mál og tal barnsins á sínu móðurmáli og hvort það skilur annað tungumál er einnig lagður fyrir. Foreldrar fá síðan afhentan bækling um leikskólastarfið. Ef þörf er á er kallaður til túlkur. Ef um pólskt barn er að ræða nýtum við tengilið okkar ef hringja þarf í foreldra einhverra hluta vegna. Ef foreldrar tala ensku sér deildarstjóri sjálfur um þessi daglegu samskipti.

Sérkennsla

Í Vallarseli er starfandi sérkennslustjóri. Hann hefur forgöngu um sérkennslumál skólans og vinnur náið með sérfræðiteymi Akranesskaupstaðar. Í Vallarseli er unnið að því að koma til móts við öll börn og unnið er í anda menntastefnunnar „Skóli án aðgreiningar“.

Markmið okkar í Vallarseli

Að tryggja öllum börnum sem mestu möguleika á framförum.

Að veita börnum sem þess þurfa sérstaka aðstoð.

Leikskólustarf byggist á lögum um leikskóla og unnið er eftir Aðalnámskrá leikskóla. Aðalnámskrá styður nám án aðgreiningar en þar stendur að sérfræðiþjónusta sveitarfélaga í leikskólum skuli stuðla að jafnrétti til náms og vellíðan allra barna. Nám leikskólabarna skal byggjast á jafnrétti og er markmið jafnréttismenntunar að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast

á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis (Aðalnámskrá leikskóla, 2011). Í lögum um leikskóla segir í 22. gr. að börn sem þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun, að mati viðurkenndra greiningaraðila, eiga rétt á slíkri þjónustu innan leikskólans (Lög um leikskóla nr. 90/2008). Öll börn eiga rétt á innihaldsríku lífi og þau fái að njóta æsku sinnar. Í 23. grein Barnasáttmálans segir mjög skýrt að andlega eða líkamlega fatlað barn skuli njóta fulls og sómasamlegs lífs, við aðstæður sem tryggja virðingu þess og stuðla að sjálfsbjörg og virkri þátttöku í samfélaginu (Alþingi, e.d.). Salamanca yfirlýsingin kveður á um að einstaklingar með sérþarfir á sviði menntunar skuli hafa aðgang að almennum skólum og þar beri að mæta þörfum þeirra með kennsluáferðum sem tekur mið af barninu (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, e.d.).

Starfsreglur varðandi sérkennslu í leikskólum á Akranesi kveða á um: Öll börn hafa jafna möguleika til að þroskast og að nýta leikskóladvölinu með því að veita þeim, sem þess þurfa, sérstaka aðstoð“ (Akraneskaupstaður, e.d.).

Skóli án aðgreiningar

Með hugmyndafræðinni um skóla án aðgreiningar er vísað til menntakerfis þar sem allir nemendur eru virkir þátttakendur í skólasamfélagi sínu, burtséð frá styrkleikum þeirra eða veikleikum (Ferguson, 2008; Sapon-Shevin, 2007). Samkvæmt Nieto (2010) felur hugmyndafræðin í sér félagslegt réttlæti fyrir öll börn þegar þeim eru veitt jöfn tækifæri og jafnan aðgang að námsferlinu. Í Aðalnámskrá leikskóla (2011) er lögð mikil áhersla á jafnrétti og félagslegan skilning á því hvað felst í fötlun. Þar er talað um að áskoranir fólks með fötlun eigi rætur sínar að rekja í umhverfinu en ekki í skerðingu einstaklingsins. Einnig segir að leikskólum beri að leggja áherslu á skóla án aðgreiningar í öllu skólastarfi en í því felst m.a. að vera meðvitaður um áhrif umhverfis á börn og skoða þarf vandlega hvað þarf að leggja áherslu á, hvað þarf að varast og hvað þarf að efla.

Snemmtæk íhlutun

Meginmarkmið snemmtækrar íhlutunar er m.a. að reyna að koma í veg fyrir erfiðleika í þroska og aðlögun síðar á lífsleiðinni og veita fjölskyldum barna stuðning og byggja alla þá vinnu á niðurstöðum fræðilegra rannsókna. Ávallt er haft að leiðarljósi að börn geti í framtíðinni tekið virkan þátt í daglegu lífi. Niðurstöður nýrra rannsókna sýna að með markvissum aðgerðum snemmtækrar íhlutunar er unnt að hafa áhrif á þroskaframvindu barna með fötlun. Horft er á sérhæfða nálgun í stað almennrar eflingar sem hentar öllum. Ekki er þó víst að þessi snemmtæka íhlutun auki vitsmunuþroska en hún nær til félagsþroska sem skiptir miklu máli þegar komið er í grunnskóla. Þáttur foreldra er stór hluti af þessu ferli og þurfa þeir að vera virkir þátttakendur í þessu vinnuferli (Tryggvi Sigurðsson, 2008).

Einstaklingsnámskrá

Einstaklingsnámskrá er gerð til að tryggja að barn fái þá aðstoð sem það þarf á að halda og því eiga foreldrar fullan rétt á að vera þátttakendur í gerð hennar. Gengið skal út frá stöðu barnsins hverju sinni í einstaklingsnámskrá og þarf að uppfæra hana reglulega því hún er aldrei fullunnin. Það sem helst þarf að hafa í huga er: hvað á barnið að læra (skamm- og langtímamarkmið), hvaða aðferðum á að beita, hvaða gögn eða tæki á að nota, við hvaða aðstæður, hvernig og

hvenær skal meta árangur. Mikilvægt er að unnið sé út frá áhugasviði og styrkleikum barnsins og styrkja jákvæða hegðun og félagsleg samskipti við aðra (Jóna G. Ingólfssdóttir, 2008).

Í Vallarseli vinnur sérkennslustjóri einstaklingsnámskrár í samvinnu við fagaðila, stuðningsaðila, og foreldra.

Tákn með tali -TMT

Þegar skortur er á tjáningu hjá barni þarf að fara óhefðbundnar tjáskiptaleiðir eins og TMT. Til þess að ná sem mestum árangri í að laða fram máhljóð og töluð orð hjá barni er mikilvægt að þeir sem tala við það, láti hvert atkvæði koma skýrt fram samhliða notkun tákna. Þá hægir sjálfkrafa á talinu og barnið skilur auðveldara talið um leið og það nýtir sér tákni til að skilja betur það sem sagt er (Tákn með tali, e.d.). Óhefðbundið tjáningarform ásamt tali hefur einnig gefist vel í starfi með börnum með einhverfu og hefur verið notað með góðum árangri (Stahmer og Ingersoll, 2004). Í sumum tilvikum er um varanlegt tjáskiptaform að ræða en stundum er aðeins um tímabundið ástand að ræða (Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, 2010a). Mikið er lagt upp úr því að þau börn sem eiga við tjáningarvanda að stríða geti notað TMT óhindrað og er starfsfólk mjög meðvitað um þörfina.

Myndrænt dagskipulag

Í Vallarseli er myndrænt skipulag notað á öllum deildum og nýtist öllum börnum þar. Í vinnu með börnum með einhverfu er myndrænt dagskipulag mjög gagnlegt, gefin eru skýr fyrirmæli og dagurinn verður fyrirsjáanlegri (Hart og Whalon, 2008). Flest börn njóta góðs af myndrænu skipulagi, hvort sem þau eru tvítyngd eða finna öryggi í því að hafa hlutina myndræna og er það sett upp á margvíslegan hátt, eftir þroska barna á deildum. Það veitir yfirsýn yfir það sem í vændum er. Hægt er að nota Boardmaker myndir, ljósmyndir eða hlutbundið skipulag, þ.e. hlutir í stað mynda ef barnið skilur þær ekki. Eldri börn sem eru orðin læs ráða við að hafa skipulagið skriflegt.

Foreldrasamstarf-teymisvinna

Þegar barn greinist með fötlun eða langvinna sjúkdóma er myndað teymi um barnið sem í eru foreldrar barnsins, deildarstjóri, sérkennslustjóri og þeir sérfræðingar sem koma að barninu eins og sálfræðingur, talmeinafræðingur, iðjuþjálfari o.fl.

Í teymisvinnu er nauðsynlegt að skapa rétta andrúmsloftið strax í byrjun, þar sem opinská og jákvæð samskipti sem byggjast á virðingu fyrir hvert öðru, trausti og samvinnu. Ef þeir sem eru í teymi barnsins vinna á uppbyggilegan hátt eru meiri líkur á því að samvinnan skili árangri (Turnbull, Turnbull, Erwin og Soodak, 2006). Lögð er mikil áhersla á góða samvinnu fagfólks við foreldra og haft er í huga að foreldrar eru alltaf sérfræðingar með sín börn. Nauðsynlegt er að mæta foreldrum á jafnréttisgrundvelli og taka tillit til bakgrunns, aðstæðna og óska hvernar fjölskyldu (Jóna G. Ingólfssdóttir, 2008; Mayer, Bevan-Brown, Park og Savage, 2010).

TEACCH

Í Vallarseli er boðið upp á TEACCH- skipulagða kennslu í starfi með börnum með einhverfu. Á Íslandi er TEACCH og Atferlisþjálfun (applied behaviour analysis-ABA) þær aðferðir sem

Ráðgjafar- og greiningarstöð ríkisins mæla með. Margar aðrar aðferðir eru til en þessar tvær eru þær sem unnið er mest eftir hér á Íslandi. Samkvæmt Greiningarstöð (e.d.b) er hægt að vinna með TEACCH skipulagða kennslu hvar sem er og við hvaða aðstæður sem er. TEACCH er áhrifamikil leið til að auka færni barna með röskun á einhverfurófi og gera þau færari um að framkvæma hluti án stuðnings frá öðrum. Það er m.a. gert með því að skipuleggja umhverfið, setja upp dagskrá, vinnukerfi og sjónrænt skipulag. Í skipulagðri kennslu er unnið mikið með félagsleg samskipti, félagslegan leik og frumkvæði til samskipta og leikja. Markmiðið er að gera barnið sem mest sjálfstætt þegar kemur að frum- og félagslegum þörfum.

PECS

PECS (The Picture Exchange Communication System) er myndrænt boðskiptakerfi sem aðallega hefur verið notað með börnum með einhverfurófsröskun, sem hafa takmarkaða eða enga boðskiptafærni og búa ekki yfir færni til að nota talmál til að tjá sig. Samkvæmt Greiningarstöð (e.d.c) er aðferðin talin heppileg fyrir börn á öllum þroskaaldri, með slaka boðskiptafærni og málþroska. Með PECS boðskiptaþjálfun er lögð höfuðáhersla á þjálfun frumkvæðis til boðskipta og málhegðun en ekki talmál. Aukin boðskiptafærni barna eftir PECS þjálfun hefur hinsvegar haft jákvæð áhrif á þróun talmáls.

Mat á leikskólastarfinu

Mat á starfi leikskóla hefur þann tilgang að tryggja að réttindi barna séu virt og þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum. Mat á leikskólastarfi er framkvæmt á tvennan máta. Annars vegar er um að ræða mat sem skólar framkvæma sjálfir og er hér kallað innra mat. Hins vegar er um að ræða mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, ráðuneytis menntaog menningarmála eða annarra aðila og er nefnt ytra mat. (Aðalnámskrá leikskóla, 2011) Innra mat

Meginmarkmið með öllu innra mati er:

- Að starfað sé eftir þeim lögum og reglum sem kveðið er á um.
- Að starfað sé eftir skóla- og aðalnámskrá.
- Að niðurstöður endurmats séu nýttar til umbóta fyrir starfið.

Eftirtaldir þættir eru lagðir til grundvallar í innra mati Vallarsels

Í leikskólanum skiptir ferlið mestu máli og að allir séu að vinna á sínum forsendum.

Aðalnámskrá leikskóla (2011) skilgreinir mat á námi, þroska og velferð barna á þann hátt að safnað sé upplýsingum um viðfangsefni og áhuga barna; hvað þau vita, geta og skilja. Slíkar upplýsingarnar skulu styðja við nám og velferð barna við skipulagningu leikskólastarfsins í samstarfi við foreldra. Jafnframt kemur þar fram að mikilvægt sé að fara mismunandi leiðir við gagnaöflun og styðjast við fjölbreyttar matsaðferðir sem taka mið af starfsaðferðum leikskólans, fjölbreytileika í foreldrahópnum og ólíkum tjáningarmáta barna. Gagnaöflunin er einnig nauðsynleg fyrir starf kennarans. Það veitir honum mikilvægar upplýsingar um þá færni og hæfileika sem hvert og eitt barn kemur með í námið og nýtist við námsskrárgerð og útfærslu á

kennslu. Auk þess fá kennarar upplýsingar um framfarir og námsframvindu barnanna en slíkt mat hjálpar þeim að taka ákvarðanir fyrir áframhaldandi nám barnanna (Ferguson o.fl., 2012).

Aðrir þættir í skólastarfinu

Foreldrasamstarf

Mikilvægt er að traust og gott samstarf ríki á milli heimilis og skóla um veru barnsins í leikskólanum. Leiðarljós leikskólans eru jákvæð og hlýleg dagleg samskipti og gott upplýsingastreymi til foreldra, þar sem velferð barnsins og samvinna um það á öllum sviðum er ávallt höfð í fyrirrúmi.

Brúum bilið

Skólaganga barna á að mynda samfellda heild þannig að reynsla og nám barna á fyrri skólastigum nýtist þeim á næsta skólastigi. Ef flutningur barna úr leikskóla í grunnskóla á að vera farsæll þarf að undirbúa hann vel.

Frá árinu 1996 hefur verið formlegt samstarf milli leikskóla og grunnskóla á Akranesi með það að markmiðið að:

- Að tengja skólastigin saman.
- Að skapa samfellu í námi og kennslu barna/nemenda á þessum tveimur skólastigum.
- Að byggja upp gagnkvæma þekkingu og skilning á starfi kennara á hvoru skólastigi.
- Að stuðla að vellíðan og öryggi barna við að fara úr leikskóla í grunnskóla.
- Að skapa farveg fyrir miðlun upplýsinga á milli skólastiga.

Hefðir og siðir

Í Vallarseli er lögð áhersla á að viðhalda gömlum og góðum siðum ásamt því að skólinn hefur tekið upp ýmsar nýjar hefðir sem ómetanlegt er að hafa í góðu leikskólastarfi. Má þar nefna bollu-, sprengi- og öskudag, þorablót, aðventustundir og litlu jólin, opið hús, ömmu- og afa kaffi. Þá tekur Vallarsel einnig þátt á Vökudögum, farið er í útskriftarferð og útskriftarhátíð elstu barna, jóla- og vortónleikar með þátttöku foreldra, grillhátíð foreldra, árgangamót leikskólanna.

Stoðþjónusta

Í lögum um leikskóla er tekið fram að sveitarfélög skuli reka sérfræðiþjónustu fyrir nemendur leikskólans og fjölskyldur þeirra ásamt því að veita starfsfólkinu ráðgjöf og stuðning í starfsinu. Í lögnum segir líka að börn sem þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun skuli eiga rétt á henni innan leikskólans.

Undir stoðþjónustu leikskólans fellur :

- Sérkennsla og stuðningur.
- Sálfræðiþjónusta.
- Sjúkraþjálfun.
- Iðjuþjálfun.
- Greining á málþroskavanda frá talmeinafræðingi.
- Heilsuskoðun heilsugæslunnar fyrir 4 ára börn.

Samstarfsaðilar

Að rekstri og daglegu starfi leikskólans koma margir samstarfsaðilar að málum:

- Bæjarskrifstofa
- Skóla- og frístundasvið
- Leikskólar bæjarins.
- Grunnskólar bæjarins.
- Tónlistarskólinn.
- Slökkvistöð Akraness.
- Bókasafnið
- Byggðasafnið.
- Heilsugæslan á Akranesi.
- Tannlæknastofur á Akranesi.
- Dvalar- og hjúkrunarheimilið Höfði.
- Ýmsir vinnustaðir og fyrirtæki á Akranesi.
- Ráðgjafar- og greiningarstöð ríkisins.

Starfsáætlun

Á hverju ári eru unnin starfsáætlun fyrir skólann sem gildir frá 1. september til 31. ágúst. Þar koma fram ýmsar hagnýtar upplýsingar um árlega starfsemi leikskólans.